

Fyrirspurnir og svör 15.07.22 um rekstur Vífilstaða:

1. Talað er um að þróa starfssemina með þjónustuaðila. Liggur fyrir þarfagreining um fjölda líknarrýma sem falla innan þessarar skilgreiningar og kröfulýsingarinnar til framtíðar og þá gildir hið sama um bráðainnlagnir og fjöldabörf plássu til framtíðar? Þannig sjái tilvonandi rekstraraðili í hvaða átt þessi þjónusta sé hugsuð til langframa þar sem 4 ár eru stuttur tími.

Svar: Bent á skýrslu „Aðgerðaráætlun um líknarþjónustu um allt land“ sem gefin var af heilbrigðisráðuneytinu 25. mars 2021.

Er mögulegt að stytta tímamann sem Vífilstaðir eru í notkun og færa starfssemina í hentugra húsnæði fyrr?

Svar: Miðað er við umrætt húsnæði þann tíma sem um ræðir í auglýsingu eða í fjögur ár.

2. Tekur nýr rekstraraðili við tómu húsi 1.10 ? Þar er átt við þann hóp inniliggjandi sjúklinga sem nú er þar, hvert er meiningin að hann flytjist?

Svar: Engir inniliggjandi sjúklingar verða þegar ný starfsemi á að hefjast.

3. Tekur nýr rekstraraðili við einhverjum hluta starfsmanna sem þegar starfa á Vífilstöðum eða ber skyldur til þess samkvæmt lögum um aðilaskipti? Færast þeir allir á Landspítala 1.10?

Svar: Lög um aðilaskipti gilda ekki. Þjóðandi/verksali þarf að útvega sitt starfsfólk.

4. Hvað af innbúi hússins fylgir með við yfirtöku? Rúm, húsgögn, léttitæki, annar búnaður ? Eða er meiningin að húsnæðið sé endurinnréttað af slíkum búnaði að fullu?

Svar: Ríkið mun leggja til búnað og lækningartæki. Þjóðandi/verksali mun geta átt aðkomu að gerð búnaðar- og tækjalista.

5. Í kröfulýsingu og samningsdrögum segir um forgang að rýmum og vinnulagi við innlagnir að hluta og ekki fullunnið. Þar kemur fram hverjir meti fýsileika innlagnar sem eru utan starfsseminnar. Ljóst er að það þarfnast yfirferðar þar sem aðbúnaður og húsnæði er ekki lagt upp með þeim hætti að öll þjónusta sé á sólahringsbasis, myndgreining, blóðrannsóknir og annað viðlíka og aðkoma þjónustuveitanda varðandi vinnulag við innlagnir er grundvallaratriði sem er væntanlega horft til?

Svar: Þjóðandi/verksali skal veita þjónustu allan sólarhringinn og ræður því við hvern hann semur um td. myndgreiningar og blóðrannsóknir.